

Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018
Lýsing vegna aðalskipulagsbreytingar
Íbúðar- og stofnanasvæði í Giljahverfi
10. október 2012

AKUREYRARBÆR, SKIPULAGSDEILD



**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí


1. FORSENDUR OG VIÐFANGSEFNI

Framundan er deiliskipulagsvinna á Akureyri sem kallar á aðalskipulagsbreytingu:

Íbúðar- og stofnanasvæði í Giljahverfi: Áform eru um byggingu sérhæfðra þjónustuíbúða á svæðinu. Breyta þarf mörkum á stofnanasvæði og íbúðarsvæði til að gera lóð fyrir þjónustuíbúðirnar.

SKIPULAGSSVÆÐI

Íbúðar- og stofnanasvæði í Giljahverfi: Opið og óbyggt svæði norðan við Giljaskóla.



Gildandi skipulag



SAMHENGÍ VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG LAGAÁKVÆÐI

Breytingin hefur ekki áhrif á aðrar áætlanir eða skipulag á efra stigi. Nánari útfærsla samkvæmt viðeigandi lögum og reglugerðum er viðfangsefni á deiliskipulagsstigi og í hönnun landslags og bygginga.

2. HELSTU ÁHERSLUR SKIPULAGSNEFNDAR

Eftirfarandi eru áherslur og rökstuðningur skipulagsnefndar varðandi aðalskipulagsbreytingar:

- Opið og óbyggt svæði norðan við Giljaskóla er hentugur staður fyrir þjónustuíbúðir í grónu og fallegu íbúðaumhverfi þar sem landhalli er lítill og umferðartengsl eru góð.
- Nálægð við íbúðarhverfi gefur þjónustuíbúðum heimilislegra yfirbragð um leið og þær auka fjölbreytni í hverfinu.

3. ÁHRIFAMAT

Breytingin felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Að öðru leyti er áhrifamat breytingarinnar eftirfarandi:

Breytingin styður markmið í aðalskipulagi Akureyrar um að skapa fötludum skilyrði til að taka hindrunarlaust þátt í samfélaginu á við aðra þjóðfélagshópa.

4. SKIPULAGSFERLI

KYNNING OG SAMRÁÐ

Lýsing skipulagsáætlunarinnar verður auglýst og kynnt í október 2012. Lýsingin mun liggja frammi á vef skipulagsdeildar Akureyrarbæjar www.akureyri.is/skipulagsdeild

Umsagnaraðilar:

- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Veitustofnanir.

Lýsing á aðalskipulagsbreytingunni verður send umsagnaraðilum til skoðunar. Þeir sem vilja gera athugasemd eða koma ábendingu á framfæri skulu gera það skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 600 Akureyri.

TÍMAÁÆTLUN

Áformað er að auglýsa breytingu á aðalskipulagi í nóvember 2012. Ætla má að breytingin verði staðfest í janúar 2013.